

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/1180
komudagur 23.1.2008

safnaráð

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

the museum
council
of iceland

laufásvegi 12
101 reykjavík
sími: 515 9605
fax: 515 9601

www.safnarad.is
safnarad@safnarad.is

Reykjavík 21. janúar 2008
Tilvísun: 0801211alp.mynd

Efni: Umsögn um frumvarp til myndlistarlaga, 306. mál, heildarlög

Á fundi Safnaráðs 15. janúar sl. var fjallað um frumvarp til myndlistarlaga, 306. mál, heildarlög. Safnaráð gerir eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

II. kafli

1. gr. Markmið

Við 1. gr. verði bætt: „*Kostnaður af rekstri Listasafns Íslands greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum*“.

Rökstuðningur: Ábyrgð á grunnrekstri safnsins er á höndum ríkissjóðs. Þetta er til samræmi við 1. gr. nágildandi laga um Listasafn Íslands nr. 58/1988 og til samræmis við lög um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007. -sjá einnig athugasemdir við 8. gr. lagafrumvarpsins.

2.gr. Hlutverk

1. mgr. 3. gr. frumvarpsins verði færð undir 2. gr. Einnig er lagt til að fræðsluhlutverk safnsins verði tekið fram. Greinin hljóði þá:

Listasafn Íslands er eign íslensku þjóðarinnar og er höfuðsafn á sviði myndlistar, sbr. safnalög. Listasafn Íslands veitir öðrum listasöfnum ráðgjöf, stuðlar að samvinnu listasafna og vinnur að samræmdri safnastefnu á sviði myndlistar. *Listasafn Íslands skal leitast við að koma upp metnaðarfullu safni íslenskrar myndlistar, skrá það, rannsaka, varðveita, fræða um og sýna, innan lands og utan. Listasafn Íslands kostar kapps um að efla íslenska myndlist og stuðla að framþróun hennar.*

Rökstuðningur: Í 4. gr. safnalaga nr 106/2001 er tekið fram safn „ hefur það *hlutverk* að safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.“ Það er eðlilegt að hlutverk safna skv. safnalögum endurspeglis í 2. gr. Myndlistarlaga enda er þar fjallað um hlutverk Listasafns Íslands. Benda má á að sá háttur er hafður á í 5. gr. Þjóðminjalaga þar sem hlutverk Þjóðminjasafns Íslands og byggðasafna er skilgreint. Fræðsluhlutverki safnsins er í dag gerð ítarleg skil í 2.gr. lið d og 3. gr. nógildandi laga um Listasafn Íslands nr. 58/1988. Fræðsluhlutverk safns er mikilvægt, þess er getið í 4.gr. safnalaga og rík ástæða er að geta þess einnig í frumvarpi til nýrra myndlistarlaga.

3. gr. Safnkostur, rannsóknir og fræðsla

Lagt er til að 1. mgr. 3.gr. frumvarpsins verði færð undir 2. gr. sbr. athugasemd við 2. gr.

Rökstuðningur: Sjá rökstuðning við 2. gr.

4. gr. Safnstjóri

Í staðinn fyrir setninguna: „Safnstjóri skal hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins“ þá komi: „*Safnstjóri skal hafa sérfræðimenntun og staðgóða þekkingu á starfsemi safnsins og stjórnunarreynslu*“.

Rökstuðningur: Orðalagið er samræmt 3. gr. Þjóðminjalaga. Safnaráð telur mikilvægt að safnstjóri hafi háskólamenntun á fræðasviði safnsins, reynslu af safnastörfum og skilning og innsýn á starfsemi safna. Stjórnunarreynsla er mikilvæg.

5. gr. Innkaupanefnd

Í staðinn fyrir setninguna „Ráðherra skipar formann úr hópi nefndarmanna.“ komi „*Safnstjóri er formaður nefndarinnar*.“

Rökstuðningur. Skv. 4. gr. frumvarps til myndlistarlaga mótar safnstjóri listræna stefnu safnsins. Það er mikilvægt að safnstjóri í krafti embættis síns og þeirrar ábyrgðar sem honum eru lagðar á hendur gegni stöðu formanns innkaupanefndar enda gegnir innkaupanefnd lykilhutverki við uppbyggingu safneignar. Þannig er safnstjóra gert kleift að stuðla að því að innkaup á listaverkum endurspeglis bæði söfnunarstefnu safnsins svo og listræna stjórnun.

8. gr. Fjárhagur

Setningin „Tekjur Listasafns Íslands eru fjárveitingar í fjárlögum, önnur framlög og styrkir, ásamt eigin tekjum safnsins.“ falli brott.

Rökstuðningur: Betur fer á að grunnrekstur safnsins verði á höndum ríkissjóðs. Sértekjur safns tryggja ekki lögbundna grunnstarfsemi þess og ótryggur rekstur getur haft veruleg

áhrif á möguleika safns til þess að sinna grunnskyldum við varðveislu, rannsóknir og kynningu á íslenskum myndlistararfi. Breyting á ákvæðinu er til samræmis við 1. gr. núgildandi laga um Listasafn Íslands nr. 58/1988 og til samræmis við lög um Náttúruminjasafn Íslands nr. 35/2007. Sjá einnig athugasemd við 1. gr. lagafrumvarpsins.

Safnaráð leggur til að einni grein verði bætt við frumvarpið sem fjalli um heimild ráðherra til þess að setja reglugerðir.

Rökstuðningur: Hvergi kemur fram í II kafla frumvarps til myndlistarlaga að menntamálaráðherra sé heimilt eða skylt að setja reglugerðir um nánari framkvæmd eða útfærslu laganna. Safnaráð leggur áherslu á mikilvægi þess að nánar verði kveðið á um ýmsa þætti sem fram koma í frumvarpinu s.s. fræðslustefnu, innkaupastefnu og útlánastefnu Listasafns Íslands. Eðlilegt er að reglugerðir ráðherra endurspegli fagleg vinnubrögð safna og siðareglur Alþjóðaráðs safna sem safnalög nr 106/2001 byggja á. Þessar reglugerðir eru mikilvægar þar sem greinilegt er af frumvarpi til myndlistarlaga að um er að ræða almennari lög en nú eru í gildi um Listasafn Íslands þar sem ekki er tæpt á grunnstarfsemi í innra starfi safnsins, t.d. rekstur bókasafns og nánari útfærsla á fræðslustarfsemi safnsins. Safnaráð leggur áherslu á að ráðherra verði heimilt eða skylt að setja sambærilegar eða svipaðar reglugerðir og nú eru í gildi.

Safnaráð vill taka fram að ljóst er að ný lög leggja Listasafni Íslands á herðar ríkari skyldur en núgildandi lög um Listasafn Íslands nr. 58/1988. Má þar sérstaklega benda á 3. gr. frumvarpsins. Til þess að tryggja það að Listasafn Íslands geti uppfyllt nýjar lagaskyldur sem höfuðsafn á sviði myndlistar þarf að auka fjárframlög til safnsins og fjölga í starfsliði þess.

f.h. Safnaráðs



Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir,
settur framkvæmdastjóri